í 3. gr. erindisbrjefs hans, þar sem honum er gjört að skyldu, að standa landssjóði skil á tekjum umboðsins í peningum eptir verðlagsskrár verði á þeim landaurum, er leiguliðar kunna að gjalda í, og sjerstaklega að því er snertir kúgildaleigur þær, sem honum ber að innheimta sem umboðsmanni og sem allar sjeu goldnar í smjöri, tekur það fram, hvílíkt fjártjón það sje fyrir sig, að verða að svara til þeirra eptir verðlagsskrárverði á smjöri, þóað gangverð smjörsins, eins og eigi sjer stað nú í haust, sje lægra en verðlagsskrárverð þess. Hefur hann þess vegna farið þess á leit, að sjer verði leyft annaðhvort í eitt skipti fyrir öll eða að minnsta kosti í haust, að selja við uppboð allt það leignasmjör, sem gelzt eptir umboðsjarðirnar, þannig að hann ekki svari til hærra verðs á smjörinu, en uppboðsandvirðisins. **106** 3. sept.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofannefndum umboðsmanni, að með því að leiguliðar á þjóðjörðum, sem fengið hafa byggingu eptir að ráðgjafabrjef 25. maí 1880 kom út, eiga að vera skyldir til að greiða leigurnar eptir meðalverði allra meðalverða eða eptir *verði* á smjöri eins og það er sett í verðlagsskránni, þá verður það að vera skaði umboðsmannsins, ef hann hjer tekur við leigunum í smjöri án uppbótar, þóað gangverð þess sje lægra en verðlagsskrárverðið. En þar sem leiguliðar aptur, eins og á sjer stað eptir eldri byggingarbrjefum, hafa rjett til að gjalda kúgildaleigurnar í smjöri, gæti það orðið ósanngjarnt, að umboðsmaður væri látinn svara til þeirra eptir smjörverði verðlagsskrárinnar, þegar það er hærra en gangverð smjörsins, og vil jeg þess vegna veita samþykki mitt til þess, að það leignasmjör, sem gelzt í haust frá þeim umboðsjörðum, sem þannig eru byggðar, verði selt við opinbert uppboð, og landssjóði aðeins staðið skil á uppboðsandvirði smjörsins.

— **Brjef landshöfðingja** *til póstmeistarans* **um flutning póstsendinga frá póstafgreiðslustaðnum Höfða til Seyðisfjarðar eða Eskifjarðar.** — Með því að sú breyting er á komin frá því sem áður var í ferðaáætlun þeirri fyrir landpóstana, er út var gefin 27. f. m., að pósturinn frá Grímsstöðum til Seyðisfjarðar og pósturinn frá Bjarnanesi til Eskifjarðar mega nú á leiðinni til þessara staða fara til endastöðva póstleiðanna án þess að bíða hvor eptir öðrum á Höfða, einsog verið hefir hingaðtil, og það því getur komið fyrir, einkanlega að sendingar, sem koma frá Bjarnanesi og eiga að fara til Seyðisfjarðar, en einnig að sendingar sem koma frá Grímsstöðum og eiga að fara til Eskifjarðar verði að liggja lengi á Höfða, ef ekki vill svo til, að báðir póstarnir, Seyðisfjarðarpóstur og Eskifjarðarpóstur mætist þar, þá vil jeg hjermeð samkvæmt tillögu yðar, herra póstmeistari, í þóknanlegu brjefi dags. í gær, veita samþykki mitt til þess, að póstafgreiðslumanninum á Höfða sje gefin heimild til að kosta ferð ofan á Seyðisfjörð eða Eskifjörð með sendingar þær, er kynnu að koma til þessarar póstafgreiðslu með þeim af nefndum tveim aðalpóstum, sem seinna kæmi að Höfða, þó svo, að gætt sje allrar sparneytni til þessara sendiferða og má þaraðauki ekki senda með þeim peningasendingar eða ábyrgðarsendingar, nema úppá ábyrgð póstafgreiðslumannsins á Höfða sjálfs eða sendanda, þegar hann með utanáskript á sendinguna óskar þess, að hún sje send þannig uppá sína ábyrgð. **107** 3. sept.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.